11 Kjarval

Líka gengu sögur um, að sumir menn væri snjallari en aðrir að hafa myndir út úr meistaranum fyrir ekkert, og það í ósmáum skömmtum.

Mest hefur hann þó gefið Reykjavíkurborg, en hann ánafnaði henni hundruð smámynda af því tagi, sem áður var lýst og ekki hanga uppi í bönkum og öðrum stofnunum atvinnuveganna.

Þessar myndir eru gerðar með krít, vatnslitum, pennum penslum og hvaðeinu og sumt er á vondum pappír eða ónýtum.

Ameriskur sérfræðingur var fenginn til þess að sortéra myndirnar og líma þær upp og er safn þetta nú ómetanlegt. Fer því margt líkt fyrir Kjarval og meistara hans Turner, að smámunirnir skyggja á allt þetta stóra, þegar sólin er gengin hjá og hefur fengið nýtt horn.

V.

Hverjir þekktu Kjarval? mér er spurn. Var það hann Guðbrandur í áfengingu, han n Ragnar í Smára, eða konan, sem gaf honum sæng? Voru það ritgerðahöfundar eða skáld eins og Matthías Jóhannesson, eða var það kannski bara enginn eða allir. Innst inni hefur mér ávallt staðið stuggur af mönnum, sem töldu sig hafa „þekkt Kjarval mjög vel."

— Þessa mynd gaf hann sjómanni heyrði ég einu sinni Jónas frá Hriflu segja við Ólaf Thors niður í Listamannaskála á Kjarvalssýningu og þeir voru að horfa á stóra gullfallega mynd frá Reyðarfirði.

Ef undanskilin eru kona hans og börn, eða ástarsaga þessa stóra og gáfaða manns, þá held ég að enginn hafi þekkt hann neitt. Kannski jú helzt bílstjórarnir á BSR, því að það er haft fyrir satt að Kjarval hafi verið nýr á hverjum degi. Samnefnari alls þess er það, sem við nefnum saga og þá sögu ber okkur að varðveita. Ekki aðeins með monúmentölum málverkum af landslagi eða skipum. Líka með smámunum, því að við eigum ekki að gleyma að hann var skáld, sem gaf út margar bækur. Um hann gengu líka sögur. Hann var þjóðsaga sjálfur og fyrst og fremst. Þessu þyrfti líka að safna á einn stað, svo unnt sé að skila Kjarval af sér öllum til komandi kynslóða.

Jónas Guðmundsson.

8 Alþingi

Torfi Ólafsson (SFV) og Svava Jakobsdóttir (Ab).

Allsherjarnefnd: Ellert B. Schram (S), Páll Pétursson (F), Ingólfur Jónsson (S), Gunnlaugur Finnsson (F), Friðjón Þórðarson (S), Sighvatur Björgvinsson (A) og Svava Jakobsdóttir (Ab).

Efri deild:

Fjárhags- og viðskiptanefnd: Albert Guðmundsson (S), Halldór Ásgrímsson (F), Jón G. Sólnes (S), Jón Helgason (F), Axel Jónsson (S), Ragnar Arnalds (Ab) og Jón Árm. Héðinsson (A).

Samgöngunefnd: Jón Árnason (S), Jón Helgason (F), Steinþór Gestsson (S), Halldór Ásgrímsson (F), Jón G. Sólnes (S), Stefán Jónsson (Ab) og Eggert G. Þorsteinsson (A).

Landbúnaðarnefnd: Steinþór Gestsson (S), Ásgeir Bjarnason (F), Jón Árnason (S), Ingi Tryggvason (F), Axel Jónsson (S), Helgi Seljan (Ab) og Jón Árm. Héðinsson (A).

Sjávarútvegsnefnd: Jón Árnason (S), Steingrímur Hermannsson (F), Oddur Ólafsson (S), Halldór Ásgrímsson (F), Jón G. Sólnes (S), Stefán Jónsson (Ab) og Jón Árm. Héðinsson (A).

Iðnaðarnefnd: Þorvaldur G. Kristjánsson (S), Steingrímur Hermannsson (F), Jón G. Sólnes (S), Ingi Tryggvason (F), Albert Guðmundsson (S), Stefán Jónsson (Ab) og Eggert G. Þorsteinsson (A).

Félagsmálanefnd: Þorvaldur G. Kristjánsson (S), Steingrímur Hermannsson (F), Axel Jónsson (S), Jón Helgason (F), Steinþór Gestsson (S), Helgi Seljan (Ab) og Eggert G. Þorsteinsson (A).

Heilbrigðis- og tryggingnefnd: Oddur Ólafsson (S), Ásgeir Bjarnason (F), Steinþór Gestsson (S), Halldór Ásgrímsson (F), Albert Guðmundsson (S), Helgi Seljan (Ab) og Eggert G. Þorsteinsson (A).

Menntamálanefnd: Þorvaldur G. Kristjánsson (S), Steingrímur Hermannsson (F), Axel Jónsson (S), Ingi Tryggvason (F), Steinþór Gestsson (S), Ragnar Arnalds (Ab) og Jón Árm. Héðinsson (A).

Allsherjarnefnd: Oddur Ólafsson (S), Ingi Tryggvason (F), Jón G. Sólnes (S), Halldór Ásgrímsson (F), Axel Jónsson (S), Geir Gunnarsson (Ab) og Eggert G. Þorsteinsson (A).

2 Skeyti

sem töluvert hefur skort á til þessa. Það er nú fullsannað, að erlendar þjóðir eiga engan rétt til veiða á Íslandsmiðum. Meirihluti þjóða á hafréttarráðstefnunni er nú fylgjandi því, að fiskveiðilandhelgi verði 200 sjómílur. Tímabundin viðskiptavandamál einstakra aðila mega ekki ráða ferðinni þegar um lífshagsmuni íslenzkrar þjóðar er að ræða. Við heitum á íslenzka ríkisstjórn að standa fast á okkar málstað í þessu lífshagsmunamáli okkar, og beita allri þeirri hörku með landhelgisgæzlu og öðrum þeim ráðum, sem við höfum tiltæk, til að gera útlendingum ómögulegt að stunda veiðar við landið. Við heitum á alla Íslendinga að standa fast saman um þjóðarhag."

Undir skeytið rita nöfn sín þeir: Auðun Auðunsson Karlsefni, Hans Sigurjónsson Vigri, Sigurður Jóhannsson Harðbakur. Þráinn Kristinsson Narfi, Sverrir Valdimarsson Kaldbakur, Sigurjón Stefánsson Ingólfur Arnarson, Sigurjón Jóhannsson Ólafur Bekkur, Kristján Rögnvaldsson Dagný, Gunnar Hjálmarsson Suðurnes, Stefán Aspar Sólbakur, Ólafur Aðalbjörnsson Rauðanúp, Steingrímur Aðalsteinsson Sigluvík, Sævar Brynjólfsson Hrönn, Ragnar Franzson Dagstjarnan, Friðgeir Eyjólfsson Harðbakur 2., Jóhann Sigurgeirsson Skafti, Áki Stefánsson Sléttbakur, Ólafur Ólafsson Trausti, Júlíus Skúlason Maí, Halldór Hallgrímsson Svalbakur, Sverrir Erlendsson Þormóður Goði, Guðmundur Jónsson Júní, Guðmundur Sveinsson Krossvík, Pétur Jóhannsson Aðalvík, Eðvald Eyjólfsson Jón Vídalín, Guðmundur Árnason Drangey, Jóhann Þórðarson Framtíðin.

Ríkisstarfsmenn um 13% af heildarvinnuafli

ÞAU LEIÐU mistök urðu við birtingu fréttar í gær um starfsmannaskrá ríkisins, að þess var ekki getið, að fréttin átti aðeins við um A-hluta þess rits. Starfsmenn ríkisins eru því ekki 6.490, eins og sagt er í fréttinni, heldur 11.708. Hlutur ríkisstarfsmanna miðað við allt vinnandi fólk á Íslandi er því rúmlega 13%.

FLOKKSSTARFIÐ

Rangæingar



Aðalfundur Framsóknarfélaganna verður haldinn í félagsheimilinu að Hvoli Hvolsvelli, laugardaginn 18. okt. kl. 14. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf, kosning fulltrúa á kjördæmaþing. Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra mætir á fundinum. Stjórnin.

Keflavík

Fundur verður haldinn í fulltrúaráði Framsóknarfélaganna í Keflavík, fimmtudaginn 16. okt. kl. 20.30. Fundarefni: Vetrarstarfið. — Stjórnin.

FUF Hádegisverðarfundur

Félag ungra framsóknarmanna í Reykjavík heldur hádegisverðarfund í Klúbbnum laugardaginn 18. október næst komandi kl. 12. Gestir fundarins verða Magnús Ólafsson formaður SUF, Jón Sigurðsson varaformaður SUF og Guðni Ágústsson ritari SUF. Félagar fjölmennið og takið með ykkur gesti. Stjórnin.

Fyrsta framsóknarvist FR í vetur





Fyrsta framsóknarvist vetrarins verður að Hótel Sögu, í Súlnasalnum, miðvikudaginn 22. október kl. 20:30. Sverrir Bergmann læknir flytur ávarp. Stjórnandi verður Baldur Hólmgeirsson. Framsóknarfélag Reykjavíkur.

Þorlákshöfn — Ölfushreppur







Aðalfundur Framsóknarfélags Ölfusshrepps verður haldinn í Barnaskólanum í Þorlákshöfn sunnudaginn 19. október kl. 15.30. Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf. 2. Starf félagsins á komandi vetri. 3. Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur flytur ræðu um landhelgis og efnahagsmál. 4. Önnur mál. Alþingismennirnir Þórarinn Sigurjónsson og Jón Helgason mæta á fundinum. Mætið stundvíslega. Stjórnin.

UTANLANDSFERÐ

Ódýr Lundúnaferð

Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér miða í hina ódýru Lundúnaferð Framsóknarfélaganna. Þeir, sem eiga pantaða farseðla eru beðnir um að sækja þá, annars er hætt við að þeir verði seldir öðrum. Skrifstofan Rauðarárstig 18 — Sími 24480.

Hafnarfjörður — Framsóknarvist

Þriggja kvölda spilakeppni hefst n.k. fimmtudagskvöld, 16. október, í Iðnaðarmannasalnum, Linnetsstíg 3, kl. 20:30.
Kvöldverðlaun. Heildarverðlaun:
Sólarferð með FERÐAMIÐSTÖÐINNI fyrir tvo, n.k. vor.
Framhald spilakvöldanna verður 30. okt. og 13. nóv.
Athugið, að hér er um að ræða frekar lítinn sal. Mætið því stundvíslega. Framsóknarfélögin í Hafnarfirði.

Haustfagnaður FUF í Reykjavík

verður haldinn í Félagsheimili Fóstbræðra laugardaginn 18. október, og hefst kl. 21. Hálfbræður skemmta.

Ópus leikur fyrir dansi.

Viðtalstímar alþingismanna og borgarfulltrúa



Einar Ágústsson ráðherra verður til viðtals n.k. laugardag kl. 10-12 að Rauðarárstíg 18.

Borgarbókavörður

Staða borgarbókavarðar er laus til umsóknar.
Launakjör fara eftir samningum við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist skrifstofu borgarstjóra fyrir 7. nóvember n.k.

14. október 1975,
Borgarstjórinn í Reykjavík.

Snæfellingar



Framsóknarvist, fyrsta kvöld þriggja kvölda keppninnar verður í Grundarfirði laugardaginn 18. okt. og hefst kl. 21.30.
Aðalvinningur er Sunnuferð fyrir tvo til Mallorca. Góð kvöldverðlaun.
Halldór E. Sigurðsson ráðherra flytur ávarp.
Hljómsveitin Stykk frá Stykkishólmi leikur fyrir dansi. Framsóknarfélögin.